

lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, þar sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, greiða árlega til sveitarsjóðs 0.10% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 750.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati enda sé skólpplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Borgarnes.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Borgarneshrepps.

2. gr.

Hreppsnefnd Borgarness tekur ákvörðun, samkvæmt skipulagi, um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða. Sveitarstjóri eða annar í umboði hans, hefur fulla umsjón með og sér um daglegan rekstur á holræsakerfi hreppsins.

3. gr.

Þegar holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Á sama hátt skal farið með regnvatn af húsum og lóðum og það tengt við aðalræsi eða sérstakt regnvatnsræsi, sem gert er þá ráð fyrir, ef unnt er.

4. gr.

Ætli húseigandi að gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi, sem tengist holræsakerfi hreppsins, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi hjá sveitarstjóra eða þeim umboðsmanni hans, sem málið fellur undir.

5. gr.

Með umsókn húseiganda skal fylgja uppdráttur á nýlögnum eða breytingum á eldri lögnum. Uppdráttur þessi skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu byggingarnefndar. Uppdrátturinn skal undirritaður af þessum tæknimanni, sem ber fulla ábyrgð á, að hann sé í fullu samræmi við reglugerð þessa og byggingarsamþykkt fyrir Borgarnes.

6. gr.

Samþykktur uppdráttur, er varðveitist í skjalasafni byggingarfulltrúa, skal vera undirritaður af tæknimanni og pípulagningameistara, sem hvor um sig ber ábyrgð samkv. grein 5 og grein 7. Uppdráttur skal gerður á haldgóðan pappír og þannig frá gengið að ekki máist við geymslu. Stærð uppdráttar skal vera 42×59.4 cm eða margfeldi þeirrar stærðar. Efst í hægri horni uppdráttar skal afmarkaður 7×10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarfulltrúa. Uppdráttur skal sýna í góðum mælikvarða allar lagnir innan húss sem utan. Allir vatnslásar, niðurföll, hreinsilokar og brunnar, sem tilheyra kerfinu, skulu sýndir. Nauðsynlegar hæðartölur skulu miðaðar við hæðarmerkjakerfi Borgarness.

Sérteikning skal fylgja af brunnum, fitu-, sand-, oliu- og benzínildrum og öðrum þeim stöðum, sem byggingarfulltrúi æskir eftir nánari útfærslu á. Nota skal þá mælikvarða 1:20. Uppdráttur skal enn fremur sýna afstöðumynd af legu og tengingu húslagna við holræsakerfi hreppsins.

7. gr.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykks uppdráttar, áður en verkið hefst. Pípulagningameistari ber fulla ábyrgð á, að verkið sé framkvæmt í samræmi við samþykktan uppdrátt. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, ber að tilkynna það byggingarfulltrúa. Skal pípulagningameistari sá, er við tekur, gefa skriflegar upplýsingar um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið. Er honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur áritað áðurnefnda uppdrætti. Ávallt skal hafa áritaðan uppdrátt á vinnustað. Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé þá ekki farið að vinna eftir honum.

8. gr.

Við allar framkvæmdir er húseiganda skylt að hlýða í einu og öllu fyrir mælum byggingarfulltrúa eða umboðsmanns hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið. Húseiganda eða þeim, er ábyrgð ber á verkinu, er skylt að láta starfsmenn byggingarfulltrúa vita með nægum fyrirvara svo eðlilegri úttekt á verkinu verði við komið, áður en það er hulið.

9. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingarsamþykkt fyrir Borgarnes, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða. Byggingarfulltrúi eða umboðsmaður hans getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

10. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, oliur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að þessi efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Van-

ræksla hér á og hugsanlegar skemmdir, sem lagfæringar þurfa með, skal húseigandi vera ábyrgur fyrir og bera kostnað af.

11. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem nemur kr. 5 000.00 á hverja íbúð, sem búa á í, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð. Auk stofngjalds af hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi hreppsins eða holræsi, sem hreppurinn hefur yfirtekið og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss, eins og það er reiknað á hverjum tíma Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Heimilt skal hreppsnefnd að lækka stofngjald samkvæmt þessari grein í sérstökum tilvikum svo sem við byggingu fjölbýlishúsa. Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjalds er 1. janúar ár hvert, en hreppsnefnd getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum árlega um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

13. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem hreppurinn hefur látið gera, enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennslislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar. Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi. Dragi húseigandi aftur á móti á langinn nauðsynlegt viðhald getur hreppurinn ráðizt í þær framkvæmdir á kostnað húseiganda.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 200 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem op-inbert mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.